

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Akureyrarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi Krossaneshaga A-áfangu, Akureyri.

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur þann 24. júní 2008 í samræmi við 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt breytingu á ofangreindu deiliskipulagi. Svæðið liggur á milli Hörgárbrautar og Krossanesbrautar, frá Hlíðarbraut í suðri að Krossanesborgum í norðri. Breytingin felst í að heimilt er að gera millifleti/milliloft innanhúss með nýtingarhlutfalli allt að 0,1 til viðbótar við það nýtingarhlutfall sem leyft er. Á lóðum nr. 1 og 3 við Goðanes má nýtingarhlutfallið vera 0,5 sé bygging á fullum tveimur hæðum. Á lóð nr. 5 við Baldursnes er nýtingarhlutfallið 0,45 og leyfð hækkun í 0,55 með B-rými.

Breyting á deiliskipulagi íþróttasvæðis Þórs, Akureyri.

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur þann 24. júní 2008 í samræmi við 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt breytingu á ofangreindu deiliskipulagi. Breytingin felst í að „staðsetning stangarstöcks“ er færð og byggingarreitur áhorfendastúku er stækkaður til austurs í átt að hlaupabrautum um 3,83 m. Heildarstærð aðstöðu sem tengd er stúkubyggingu verður 1600 m² í stað 600 m². Hámarksstærð stúkubyggingar verður 11 m yfir landhæð í stað 10 áður. Þrjú bílastæði fyrir hreyfihamlaða verða vestan stúkubyggingar. Nýtingarhlutfall verður 0,16 í stað 0,14.

Deiliskipulagstillögurnar hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þær þegar gildi.

Akureyri, 11. júlí 2008.

F. h. skipulagsstjóra Akureyrarkaupstaðar,

Anna Bragadóttir, fulltrúi skipulagsmála.